



Laxeldi á Íslandi

Klak og seiðaeldi

Á árunum 1984 - 87 voru flutt inn til landsins norsk laxahrogn og árið 1990 hófust kynbætur á eldislaxi hjá Stofnfiski. Stofninn hefur fengið heitið „Saga-stofninn“ og er hann afkomandi þriggja norskra laxastofna. Í dag er eingöngu notaður norskættaður lax í matfiskeldi á Íslandi. Stofnfiskur er eina fyrirtækið sem selur laxahrogn hér á landi úr kynbættum eldislaxi. Íslandslax er stærsti framleiðandi á laxaseiðum. Margar minni seiðaeldistöðvar safna villtum laxi til hrognatöku og er seiðum sleppt til fiskræktar og hafbeitar í fjölmörgum ám.

Matfiskeldi


Framleiðsla í laxeldi náði hámarki tæpum 7.000 tonnum árið 2006 en þá voru í rekstri tvær stórar sjókvíaeldisstöðvar á Austfjörðum. Eftir að starfsemi þeirra var hætt hefur framleiðslan minnkað mikið og var tæp 300 tonn árið 2008. Matfiskeldi á laxi er nú stundað í strandeldisstöð Silfurstjörnnunnar og kvíeldisstöð Rifóss en báðar eru staðsettar í Öxarfirði. Lítið eldi er í sjókvíum í Mjóafirði á vegum fyrirtækisins Tó og einnig er laxi slátrað í kynbótastöðvum Stofnfisks á Reykjanesi. Á vorin eru sett um 100 g seiði í kvíar og tekur 24-30 mánuði að ala þau í markaðsstærð. Eldisferlið er því rúm fjögur ár frá klaki. Í strandeldisstöð Silfurstjörnnunnar eru 50 g seiði alin áfram allt árið, við um 10°C og tekur 14-18 mánuði að ná þeim upp í markaðsstærð, 4 kg.

Slátrun, vinnsla og markaðssetning

Aðstaða er til slátrunar og pökkunar á ferskum laxi hjá Silfurstjörnnunni og Rifósi. Á árinu 2008 var lax úr matfiskeldi aðallega seldur á innanlandsmarkaði en einnig lítilsháttar magn flutt út enda framleiðsla lítil. Á vegum Stofnfisks eru flutt út augnhrogn með flugi til Chíle og annarra landa. Síðustu tvö ár hafa verið flutt út laxaseiði á vegum Íslandsbleikju og þau flutt í brunnbát til Norður-Noregs. Einnig eru töluverð verðmæti í sölu seiða í ár og vötn en það tilheyrir fiskrækt og hafbeit. Í laxeldi námu frameiðsluverðmætin um 490 milljónum króna árið 2008 að mestu útflutningur á hrognum og seiðum.

Rannsókn- og þróunarstarf

R&B verkefni styrkt úr opinberum sjóðum eru innan heilbrigðismála. Þar er um að ræða rannsóknir á nýrnaveiki, kýlaveikibróður og vetrarsári m.a. hjá laxi. Á vegum Stofnfisks er rekið kynbótarverkefni fyrir lax en það var áður styrkt af ríkissjóði.



Mynd - Framleiðsla á eldislaxi á árunum 2000 til 2008.

Framtíðarsýn

Eftir mikla lægð í framleiðslu á laxi er gert ráð fyrir töluverðri aukningu á næstu árum og að framleiðslan verði um 1.000 tonn árið 2010 og fari yfir 2.000 tonn fljótlega eftir 2012. Þá er gert ráð fyrir framleiðsluaukningu hjá fiskeldisstöðvum sem í dag stunda laxeldi. Vonir eru bundnar við að útflutningur á laxaseiðum á næstu árum en sá markaður er erfiður og ótryggur. Áætlað er að útflutningur geti numið 1-2 milljónum laxaseiða á ári. Talið er að framleiðslugeta á laxaseiðum í núverandi stöðvum geti verið um 5-10 milljónir laxaseiða árlega. Hægt er að auka útflutninginn verulega á tiltölulega stuttum tíma en framleiðsluáform munu ráðast af eftirspurn á hverjum tíma. Aukin áform í framleiðslu laxaseiða geta dregið úr framleiðslu á bleikju. Útflutningur laxahrognar mun áfram vera tiltölulega mikill eða yfir 50 milljónir hrognar á ári. Des 200.